

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, svæði á horni Skógarlanda og Seyðisfjarðarvegur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017 frá 10. júlí 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Reitur fyrir þjónustustofnanir við gatnamót Seyðisfjarðarvegur og Skógarlanda stækkar á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og helgunarsvæðis Seyðisfjarðarvegur.
- Ný vegtenging frá Skógarlöndum inn á svæði fyrir þjónustustofnanir.
- Fyllt verður upp í tjörn sem fyrir er á opnu svæði til sérstakra nota.
- Fyrirkomulag göngustíga um svæðið breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.